



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 81. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, 8. júní 2020, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hjördís Skírnisdóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Laufey Guðmundsdóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Sigríður Arna Arnþórsdóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага, Snævarr Guðmundsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Atvinnustefna - viðmið - 2005027

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt að stofna starfshóp innan þjóðgarðsins, hvers markmið eru að gera drög að skilgreiningu á takmörkuðum gæðum tengdum atvinnustefnu þjóðgarðsins. Verkefnahópurinn mun halda fund með rekstraraðilum afþreyingaferða á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í næstu viku, og mun skila inn drögum til stjórnar fyrir fund 29. júní. Svæðisráð fagnar því að þessi vinna sé hafin.

2. SvH - Íbúðarhúsnæði á Hrollaugsstöðum - 2005045

Fyrir fundinum lágu hugmyndir að samstarfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vatnajökulsþjóðgarðs um íbúðarhúsnæði á Hrollaugsstöðum.

Formaður svæðisráðs kynnti hugmyndir um samstarf sveitarfélagsins og Vatnajökulsþjóðgarðs um uppbyggingu starfsmannahúsnæðis á Hrollaugsstöðum. Svæðisráð lýsir yfir ánægju með fyrirhugað samstarf og telur að það sé jákvætt fyrir framtíðar uppbyggingu á Breiðamerkursandi. Á sama tíma leysir þetta ekki núverandi vandamál varðandi starfsmannahúsnæði í Skaftafelli.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029

Farið yfir breytingartillögur.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við breytingartillögur starfsmanna.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Fyrir fundinum lágu drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand.

Formaður svæðisráðs fór yfir stöðu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand.

Fundargerð ritaði: Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 11:00.